

Desember 2020 Matseðill og ýmsir viðburðir

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Vika 17 Stafur vikunnar: L Tákn: Leika sér				
30 nóv	1 Steiktur fiskur í raspi, kartöflur, kaldar sósur, gúrka/tómatar	2 Steiktar kjötfarsbollur, kartöflur, sósa, sulta, rúsínusalat	3 Rauður dagur Fiskur í okkar sósu, hrísgrjón, ferskt grænmeti	4 Skyr, heitt brauð, ávextir
Vika 18 Stafur vikunnar: G Tákn: Rauður				
7 Soðið slátur, kartöflustappa, rófur	8 Fiskibollur, kartöflur, karrýsósa, ferskt grænmeti	9 Kjúklingaborgarar, franskar, kaldar sósur, ferskt grænmeti	10 Soðin bleikja, kartöflur, kaldar sósur, rúgbrauð, smjörvi, ferskt grænmeti	11 Grjónagrautur, slátur, brauð
Vika 19 Stafur vikunnar: F Tákn: Góðan dag				
14 Hakkabuff, kartöflur, sósa, sulta, gulrótarsalat	15 Steiktur fiskur í fjölkornaraspi, kartöflur, kaldar sósur, ferskt grænmeti	16 Gúlassúpa, heimabakað brauð	17 Jólaskrall/-gleði Hangikjöt, kartöflur, jafningur, grænar baunir, rauðkál, laufabrauð, smjör	18 Soðinn fiskur, kartöflur, smjör, rúgbrauð, kaldar sósur, salat
Vika 20				
21 Kjúklingur, hrísgrjón, sósa, grænmeti	22 Fiskibollur, kartöflur, brún sósa, grænmeti	23 Þorláksmessa Lokað v/starfsmannafunda	24 Aðfangadagur Lokað	25 Jóladgur Lokað
Vika 21				
28 Skyr, brauð og ávextir	29 Pylsur og pylsubrauð	30 Samtíningur	31 Gamlársdagur Lokað	1 jan Nýársdagur Lokað

Aðventan í leikskólanum

Ýmsir hefðbundnir þættir í leikskólastarfinu í desember munu falla niður vegna Covid. Við ætlum til dæmis ekki að baka með börnunum og ekki verður hefðbundið jólaball. Það verður nóg að gera þrátt fyrir það og vonandi getum við átt ljúfar og notalegar stundir í dagsins önn. Við vitum ekki enn hvort hvað ný reglugerð felur í sér varðandi skólastarfið eftir 1. des, en reiknum ekki með að neinar viðtækar breytingar verði gerðar. Við ætlum að eiga ljúfar stundir og skemmta okkur eins og okkur er lagið, syngja jólalög, fönndra og leika okkur.

Rauður dagur

Við höfum rauða litinn áberandi og klæðum okkur í eitthvað sem minnir á jólin.

Lokun um jólin

Lokað verður á Þorláksmessu vegna starfsmannafunda sem starfsfólk hefur unnið utan opnunartíma. Einnig verður lokað á aðfangadag, jóladag, gamlársdag og nýársdag.

Jólaskrall/-gleði

Ekki verður haldið hefðbundið jólaball í ár vegna Covid-takmarkana. Í staðinn ætlum við að vera með jólaskrall/-gleði fyrir börnin annars vegar á Reynilandi og hins vegar í garðinum við Birkilund. Gengið verður í kring um jólatré og sungin jólalög. Vonandi heyra jólasveinar sönginn og kíkja á okkur. Boðið verður uppá piparkökur og eitthvað fleira. Stefnt er að því að hafa þetta skrall fimmtudag 17. desember en veður gæti haft áhrif á það hjá börnunum á Könglalandi og Kvistalandi.

Bókagjöf frá foreldrafélagi

Foreldrafélagið færir leikskólanum bókapakka um daginn. Við þökkum kærlega fyrir gjöfina og njótum þess að hafa góðar bækur til að skoða og lesa með börnunum.

Mæting og matur kring um jól og áramót

Við höfum fengið upplýsingar um frí barna milli jóla og nýárs. Gott væri að fá að vita fyrir 17. des ef gert er ráð fyrir að barn sé í fríi 21. og 22. desember, því þá daga þurfum við að elda í Birkilundi og panta þarf matvörur tímanlega og í hæfilegu magni.

Vinsamlegast látið vita um forföll barna

Forföll barna á Könglalandi og Kvistalandi skal tilkynna í síma 4538215 eða á netföng deildanna.

Forföll barna á Reynilandi skal tilkynna í síma 5718215 eða á netfang deildarinnar.

netfang á Könglalandi: konglaland@skolar.skagafjordur.is

netfang á Kvistalandi: kvistaland@skolar.skagafjordur.is

netfang á Reynilandi: reyniland@skolar.skagafjordur.is

Virðið vistunartíma

Mönnun leikskólans miðast við þann fjölda barna sem skráður er á hverjum tíma og því er mikilvægt að foreldrar virði þann tíma. Ef barn kemur áður en vistunartími þess hefst er ekki víst að deildin sé nægilega vel mönnuð og þannig skapast auka álag á þá Starfsmenn sem eru til staðar. Það sama gildir í lok dags ef barn er sótt of seint. Þá er annað hvort auka áлага á þá Starfsmenn sem eftir eru, eða að Starfsmenn geta ekki farið þó vinnutíma þeirra sé lokið. Vinsamlegast takið tillit til þessa.